



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Verkefnisstjóri
fornleifarannsókna
Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 20
(354) 865 99 42

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sigurður Bergsteinsson
Rannsóknar- og
miðlunarsvið
sigurdur@minjastofnun.is

Gunnþóra Guðmundsdóttir arkítekt
Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar
Norðurhellu 2
221 Hafnarfjörður

5. júní 2018
MÍ201806-0016 / 6.10 / S.B.

**Efni: Umsögn um breytingar á Hellisgötu 32 vegna
fornminja á lóð.**

Með tölvubréfi dagsett 16. maí er óskað eftir umsögn minjavarðar um fyrirhugaða viðbyggingu við íbúðarhús í Hellisgötu 32, Hafnarfirðir. Með bréfinu fylgdi uppráttur af íbúðarhúsinu og fyrirhuguðum breytingum. Á lóðinni eru skráðar minjar. Um er að ræða leifar af garðhleðslu, sem liggar nánast á lóðarmörkum að Hellisgötu 30. Um 3 til fjórir metrar verða á milli garðsins og fyrirhugaðrar viðbyggings. Minjastofnun gerir því ekki athugasemdir við framkvæmdina, enda verði þess gætt að garðinum verði ekki raskað, t.d. þegar gröfur eða önnur stórvirk tæki þurfa að athafna sig á svæðinu.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Sigurður Bergsteinsson
Rannsóknar- og miðlunarsvið

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvárdanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnáslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.